

Fundargerð

110. aðalfundur Heimilisiðnaðarfélags Íslands

haldinn þann 11. maí 2023 kl. 19.30 í Nethyl 2e, Reykjavík.

Dagskrá fundarins var samkvæmt lögum félagsins.

- Fundur settur klukkan 19:33
- Formaður skipar Ólöfu Engilbertsdóttur og Ívar Ólafsson í nefnd sem kannar kosningarétt fundarmanna og skilar álit. Þau staðfesta lögmæti fundargesta.
- Formaður stjórnar kosningu fundarstjóra: formaður tilnefni Álfrheiði Árnadóttur. Fundargestir samþykktu kosningu fundarstjóra og fór fundarstjóri yfir dagskrá aðalfundar.
- Fundarstjóri skipar ritara aðalfundar. Rán Sturlaugsdóttir var kosin fundaritari.
- Fundarstjóri gefur út yfirlýsingu um lögmæti fundar.
- Stutt hlé var gert á fundi á meðan Diljá Pétursdóttir flutti framlag Íslands í Eurovision söngvakeppninni.
- Skýrslur stjórnar og starfsnefnda fluttar.

Kristín Vala Breiðfjörð las upp skýrslu stjórnar:

Á tímabilinu 17. maí 2022 til 12. maí 2023 fundaði stjórn 10 sinnum.

Í stjórn sátu: Kristín Vala Breiðfjörð formaður, Anna Sigríður Kristjánsdóttir varaformaður, Guðný Ingibjörg Einarsdóttir meðstjórnandi, Ívar Ólafsson meðstjórnandi, Ólöf Engilbertsdóttir meðstjórnandi, Rán Sturlaugsdóttir varamaður og Solveig Jónsdóttir varamaður.

Þá er enn eitt annasamt ár að baki hjá Heimilisiðnaðarfélaginu, og skal hér stiklað á stóru.

Dagana 29. júní til 3. júlí 2022 voru sam-norrænu handverksbúðirnar Young Craft haldnar í Skjern í Danmörku. Stór hópur íslenskra stúlkna á menntaskóla aldri höfðu skráð sig í ferðina og fóru 8 nemendur Verkmenntaskólans á Akureyri í ferðina auk tveggja nemenda af Suðurlandi. Fararstjóri í

ferðinni var Ingveldur Sigurðardóttir, skólasálfræðingur hjá skóladeild Akureyrarbæjar og kennari fyrir Íslands hönd var Álfrún Pálmadóttir, vefnaðarlistakona og þjóðfræðinemi. Hópurinn stóð sig með þrýði og hrósaði Lotte Helle frá FORA í Danmörku sérstaklega íslenska hópnum fyrir kurteisi, þróðmennsku og fyrir mikinn áhuga á handverki. Við megum vera stolt af þessum hóp ungmenna.

Áfram hélt norræn samvinna um sumarið, með verkefninu 1 Fermetri af Hör sem Heimilisiðnaðarfélag Svíþjóðar átti frumkvæði að. Það tókst misvel til að rækta hör sumarið 2022 og þykir mér miður að segja frá því að í garði formannsins á Akureyri varð hörinn ekki hærrí en 20-30 cm, enda var sumarið óvenju kalt og blautt í þessum landshluta sem annars er þekktur fyrir sól og blíðu.

Í lok ágúst héldu Heimilisiðnaðarfélög Norðurlandanna upp á Nordic Craft Week og að þessu sinni var þema ársins *þrjónaðar peysur*. Framlag Heimilisiðnaðarfélags Íslands var peysan Gjöf, sem hönnuð var af Védísi Jónsdóttur í samstarfi við Ístex. Við erum afskaplega þakklát Védísi og Ístex fyrir þeirra framlag til verkefnisins.

Í september 2022 hélt formaður á fund við tengilið félagsins hjá viðskipta- og menningarráðuneytinu, Hallgrím Ámundason. Félagið hefur unnið að því ötullega að hækka styrk ráðuneytisins til félagsins og festa hann í sessi, en hefur ekki haft erindi sem erfiði. Svörin frá ráðuneytinu voru sú að niðurskurður blasti við, frekar en almenn hækkan á rekstrarstyrkjum. Úr varð að Heimilisiðnaðarfélagið fékk óbreyttan styrk til handa reksturs félagsins. Stjórn Heimilisiðnaðarfélags Íslands mun halda áfram samningaviðræðum við ráðuneytið og við erum vongóð að úr rætist.

Haustið 2022 var loksins hægt að koma saman í Ráðhúsi Reykjavíkur og fagna handverkinu á sýningu Handverks og Hönnunar. Heimilisiðnaðarfélagið Íslands var þar með bás ásamt Láru Magneu Jónsdóttur í Saumakassanum. Félagskonur Heimilisiðnaðarfélagsins stóðu þar vaktina og bauð félagið upp á bækur og Krosssaum Karólínu. Salan var góð og var viðburðurinn ágætis auglýsing fyrir félagið.

Árlegur fundur Norrænu Heimilisiðnaðarfélaganna var haldinn í Tallinn Eistlandi dagana 27.-28. febrúar á þessu ári. Á fundinum var farið yfir samstarf félaganna sem spannar nú brátt hundrað ár. Á fundinum var ákveðið að breyta alþjóðlegu nafni samtakanna úr The Nordic Folk Art and Craft Federation yfir í The Nordic Handicraft Association, en eldra nafnið þótti óþarflega langt og óþjál. Það var gott að hitta loksins í eigin persónu formenn hinna heimilisiðnaðarfélaganna, eftir langt tímabil fjarfunda. Á fundinum var varið yfir samstarfsverkefni félaganna, þar á meðal handverksbúðirnar Young Craft. Því miður var ákveðið að setja verkefnið Young Craft í biðstöðu, þar sem að verkefnið þótti dýrt, erfitt í framkvæmd og var stílað inn á of fáa þátttakendur miðað við kostnað. Áhugi er fyrir því að reyna aftur síðar, en þar sem að ekkert landanna var tilbúið að taka að sér skipulagningu næstu handverksbúða, var ákveðið að hvíla Young Craft um óákveðinn tíma. Á næsta ári munu félögin hittast í Danmörku þar sem FORA verður gestgjafinn og Heimilisiðnaðarfélag Íslands mun taka að sér formennsku í Norræna Heimilisiðnaðarfélaginu. Stefnt er að því að hefja undirbúning á hundrað ára afmælishátíð samtakanna 2027.

Á þessum fundi í Tallinn var Heimilisiðnaðarfélag Íslands hvatt til þess að sækja um sömu viðurkenningu og Husfliden í Noregi og Taito í Finnlandi hafa þegar hlotið frá UNESCO, og sem Hemslöjden í Svíþjóð er að sækja um í ár. Um er að ræða viðurkenningu á starfi sjálfstæðra félagasamtaka sem vinna að markmiðum UNESCO um varðveislu menningararfða. Þessar sjálfstæðu stofnanir eru viðurkennd af UNESCO og mega bera UNESCO stimpilinn og veita stofnun UNESCO ráðgjöf um málaflokkinn í þeirra landi. Eftir fundinn í Tallinn hófst vinna við að fylla út umsókn, þar sem farið var yfir langa sögu Heimilisiðnaðarfélagsins og okkar þætti í varðveislu handverkshefða á Íslandi og ekki síst okkar aðkomu að rannsóknum og varðveislu á íslenskum þjóðbúningum. Formaður Heimilisiðnaðarfélags Íslands hafði samband við Viðskipta- og menningarráðuneytið og óskaði eftir að sérfræðingar á vegum ráðuneytisins gefðu sitt álit. Erindinu var svarað strax og félaginu boðin aðstoð

og undirritað meðmæla bréf sent frá skrifstofu ráðuneytisins. Í lok apríl sendum við umsóknina rafrænt og með bréfpósti til Parísar og nú bíðum við ákvörðunar UNESCO. Heimilisiðnaðarfélag Íslands yrði fyrst til á Íslandi að hljóta þessa viðurkenningu og verði af því að félagið hljóti UNESCO stimpilinn, mun það auðvelda félaginu töluvert að sækja um varanlegan og veglegan rekstrarstyrk frá ríkinu.

Það sem rökstyður helst að Heimilisiðnaðarfélagið hljóti þessa viðurkenningu er að félagið tók við starfskyldum Þjóðbúningaráð árið 2018, og því höfum við komið að skipulagningu Norræna Þjóðbúningaþingsins í Reykholti dagana 8-12. ágúst 2023. Búist er við hátt í fimmtíu manns á þingið frá Íslandi, Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Þingið átti upphaflega að halda sumarið 2021 en því var tvívegis frestað vegna heimsfaraldurs. Dagskráin er fullmótuð og rennur frestur til að skrá sig á þingið út mánudaginn 15. maí.

Framundan eru spennandi tímar, þar á meðal aukið samstarf við Þjóðminjasafn Íslands þar sem að Heimilisiðnaðarfélagið mun færa handverkið inn á safnið og halda örnámskeið í handverki sem tengist beint inn á grunnsýningu safnsins sem og sérsýningu sem opnar í nóvember. Við stefnum að því að gera félagið sýnilegra með frekari samstarfi við söfn og tengda aðila og lítum björtum augum fram á veginn.

Skýrslur fastanefnda:

Skýrsla Skólanefndar starfsárið 2022-2023, Auðna Ágústsdóttir flutti.

Í skólanefndinni hafa starfað frá síðasta aðalfundi: Anna Stefanía Magnúsdóttir, Auðna Ágústsdóttir, Auður Bergsteinsdóttir, Guðrún Kolbeins og Jóhanna B. Magnúsdóttir. Nefndin skipti með sér störfum og hefur Auðna starfað sem formaður sl. vetur.

Erindisbréf skólanefndar Heimilisiðnaðarfélagsins stýrði vinnu nefndarinnar. Verkefni nefndarinnar eru aðallega fólgin í að koma með tillögum að námskeiðum og nýjum kennurum.

Nefndin hittist 7 sinnum á síðasta starfsári, þar af tvisvar með Kristínu Völu til þess að fara yfir námskeið sem höfðu verið haldin og þau sem voru framundan. Auk þess var töluvert umræða meðal nefndarmanna á samskiptamiðlum.

Viðfangsefni skólanefndar undanfarið ár eru kunnugleg en þó oft af öðrum ástæðum en fyrri ár og með nýrri nálgun. Eins og áður hefur nefndin lagt áherslu á að fjölga þarf kennurum í þeim námsgreinum sem þegar eru til staðar. Markmiðið er bæði að dreifa álaginu á fleiri kennara í vinsælum námskeiðum og eiga möguleika á mismunandi nálgun við sama viðfangsefni. Áður hefur verið rætt að nokkur námskeið gætu notið þess að hafa aðstoðarkennara og var sú hugmynd útfært á tveimur námskeiðum.

Skólanefndin lítur á það sem eitt af sínum verkefnum að styðja kennara á námskeiðum við faglega framsetningu efnis, t.d. með stöðluðum tillögum að námskeiðslýsingum eða aðstoð við að ganga frá námskeiðsgögnum. Fyrirmynd er komin en ekki hugmyndin ekki komin í almenna notkun. Eitt af verkefnum skólanefndar er að kalla til kennarafunda en ekki hefur orðið af því undanfarin ár. Þarf að skoða markmið og þörf kennara fyrir slíka fundi. Fyrstu hugmyndir skólanefndar voru að hafa þá í upphafi annar sem upptakt að starfinu.

Nefndin hefur lagt sig eftir þekkingu um leiðir til fjarkennslu og skoðað tæki og búnað sem til þarf. Áhugi er á að setja upp fjarnámskeið í náninni framtíð til að auðvelda þátttöku áhugasamra. Nefndin

hefur komið að ýmsum verkefnum s.s. tiltekt í geymslu og manna vaktir í bás félagsins á Handverk og hönnun með öðrum félagsmönnum

Snemma vors óskaði stjórn eftir að skólanefnd kæmi með tillögur um námskeið fyrir börn og ungmenni að fyrirmynd norrænna heimilisiðnaðarfélaga. Margar , spennandi hugmyndir spruttu fram. Samtal milli handavinnukennara og kennara Heimilisiðnaðarfélagsins gæti verið upphafið og stuðlað að leiðum til að dýpka þekkingu og auka skapandi handverk meðal barna og ungmenna. Einnig óskaði stjórnin eftir aðkomu skólanefndar að samstarfsverkefnum með söfnum eins og þegar hefur verið gert með Þjóðminjasafninu með gamla krosssaumnum. Skoðunarferð skólanefndar um Þjóðminjasafnið skilaði fjölmörgum hugmyndum. Meðal annars kom fram að í haust verður sérstök sýning um refa með munum af safninu og annars staðar frá. Ástæða er til að tengja þessa sýningu við örnámskeið.

Skólanefndin telur að halda þurfi áfram leggja áherslu á að fjölga þeim sem koma á námskeið um heimilisiðnað, bjóða upp á námskeið sem gætu laðað að nýja þátttakendur og vera í samstarfi við aðra sem standa að heimilisiðnaði og handverki.

Skýrsla Fræðslu- og fundanefndar starfsárið 2022-2023, Auður Theodórsdóttir flutti:

Í nefndinni hafa setið tímabilið 2022-2023: Auður Theodórsdóttir, Anna Jóna Kristjánsdóttir, Anna Jórunn Stefánsdóttir, Anna Sigríður Hróðmarsdóttir og Sigurlaug Helga Jónsdóttir.

Við höfum haft þann háttinn á að spjalla mikið saman á netinu en hittumst samt alltaf þegar ákvarðanir eru teknar, sem er auðvitað miklu skemmtilegra. Hittumst við í fyrsta skipti snemma í nóvember hérna í Nethylnum og skipulögðum endanlega fyrsta viðburð vetrarins en það var fyrirlestur sem Anna Gunnarsdóttir þæfingarlistakona hélt um listsköpun sína og efniviðinn, ullina, sem hún notar í listaverk af öllum stærðum og gerðum. Fyrirlesturinn var mjög vel heppnaður og ótrúlegt að sjá möguleikana í ullinni og aðferðirnar sem hún notar og hefur þróað við listsköpun sína. Því miður var mætingin ekki nógu góð, hugsanlega af því að komið var of nálægt jólum og fólk farið að hugsa um annað.

Við fórum því frekar hægt af stað eftir áramótin en vorum þó með loforð fyrir tveimur öðrum fyrirlesturum upp í erminni. Er skemmst frá því að segja að þann 19. Apríl kom Guðrún Bjarnadóttir í Hespúhúsinu með fyrirlestur og sýniskennslu í indigólitun og 3ja maí kom Guðrún Pétursdóttir frá GÉPÉ crafts og fræddi okkur um allskonar efnivið í íslenskri náttúru sem má nýta til körfugerðar og hvernig á að meðhöndla hann. Báðir þessir fyrirlestrar voru afar vel sóttir og vel heppnaðir eftir því. Við endum svo vetrarstarfið á hinni árlegu vorferð og höldum austur fyrir fjall að hitta handverksfólk, skoða lömb og byrgja okkur upp af ull í Þingborg og heimsækja gallerí þar.

Við fórum auðvitað í vorferð í fyrra líka um Reykjanesið en hún var óvenju seint þá, þar sem það voru bæði kosningar og Eurovision helgina sem við erum vanar að fara út úr bænum. Auk þess var farin ákaflega vel heppnuð sumarferð upp í Borgarnes að skoða útsaumssýningu snemma í ágúst 2022, en hún skrifast meira á formanninn okkar en okkur í nefndinni, þó við kæmum að henni í mýflugumynd.

Takk fyrir.

Skýrsla Verslunarnefndar starfsárið 2022-2023, Elizabeth Katrín Mason flutti munnlega.

Elizabeth sagði fundargestum frá því hvað nefndin hafði starfað við síðastliðinn vetur, m.a. við áfyllingu á pakkningum jurtalitunarefna. Elizabeth leysti Snæfríði verslunarstýru af í búðinni á meðan

Snæfríður var í tímabundnu verkefni. Nefndin mun áfram styðja við starfsmann verslunar með ráðum og dáðum.

Skýrsla Ritnefndar starfsárið 2022-2023, Ástþrúður Sif Sveinsdóttir flutti munnlega.

Ástþrúður fór yfir efni blaðsins í ár, en það er sérlega glæsilegt og fallega myndskreytt.

Skýrsla Handverksskaffinefndar starfsárið 2022-2023, Jóhanna Freyja Björnsdóttir flutti.

Ágætu félagar,

Það hafa verið 8 viðburðir á þessu tímabili. Apríl samvera bar upp á skírdag svo hún féll niður. Fyrst var kynning á námskeiðum og peysunni Gjölf sem Védís hannaði fyrir félagið. Margir búnir að þrjóna þá fallegu peysu. Október kynning var á vettlingum og þrjónaferðum til Lettlands. Mæting mjög góð og mikill áhugi. Mættu um 115 manns. Síðan voru kynntar þrjóna bækur og garn. Núna síðast garn frá Icewear. Já svo kom frá Ístex sýnishorn og kynning á blaðinu Lopi 42. Við sem höfum séð um kaffihúsum nokkuð sáttar við mætingu, þó það sé misjafnt, frá 20 til 115. Þessi kaffisala skilarsma pening til félagsins, gaman væri að hann væri notaður í eitthvað sem bætir aðstöðu eða búnað. Birna Guðmundsdóttir hætti í nefndinni fær hún bestu þakkir fyrir samstarfið frá okkur.

Fyrir hönd kaffinefndar,

Jóhanna Freyja Björnsdóttir.

Skýrsla Safnanefndar starfsárið 2022-2023. Sigrún Sigurgestsdóttir flutti munnlega.

Nefndin hefur legið í nokkrum dvala undanfarið en hefur skipulagt sig vel og mun taka næsta starfsár föstum tókum.

8. Eva Mickelsen, bókarí félagsins leggur fram endurskoðaða reikninga og skýrir þá.

Farið ítarlega yfir hvernig tekjur og gjöld félagsins skiptast. Talsverð vinna hefur farið í það að betrubæta bókhaldið, fleiri flokkar hafa verið settir inn til að rekja betur hvert kostnaður er að fara og hvernig tekjur skiptast. Vegna þessa getur verið talsvert misræmi á milli ára á ákveðnum kostnaðaraliðum.

Farið var í umtalsverða tiltekt í bókhaldinu þar sem gamlir reikningar hafa verið afskrifaðir, t.d. félagsgjöld þar sem félagar hafa sagt sig úr félaginu.

Kostnaður við endurskoðun og reikningskil hefur lækkað mikið með nýju bókhaldskerfi.

9. Umræður um skýrslur stjórnar og reikninga.

- a. Guðný hrósaði fræðslu- og fundarnefnd fyrir góðar og áhugaverðar ferðir og hvatti félagsmenn til að benda á viðburði sem þeir vita um.

10. Lagabreytingar hafi komið tillaga þar um skv. 23 gr. Þær eru engar.

Margrét fv. formaður vildi koma því á framfæri að stutt er síðan farið var í umtalsverðar lagabreytingar. Þá hafi Norræna nefndin verið lögð niður sem eftir á að hyggja hafi verið mistök, þar sem norrænt samstarf hefur blómstrað í Covid og allt legið á herðum formanns. Hún taldi að það væri hægt að setja saman í nefnd án þess að það kalli á lagabreytingar.

Kristín Vala sagði að ráðgert sé að kalla saman í nefnd fyrir næsta ár þegar Ísland mun fara með formennsku í samtökum norrænna heimilisiðnaðarfélaga.

11. Kosning aðalstjórnar og varastjórnar samkvæmt 14. gr.

Ívar Ólafsson kemur í pontu og tilkynnir að engin breyting verði á stjórn og varastjórn.

12. Kosning fastanefnda, samkvæmt 21. gr.

Ívar Ólafsson fer yfir uppstillingu, klöppum fyrir þeim sem eru að fara úr nefndum og bjóðum nýtt nefndarfólk velkomið. Listi uppstillingarnefndar er sem hér segir:

Skólanefnd: - óbreytt

Jóhanna Magnúsdóttir – til tveggja ára.

Guðrún J. Kolbeins – á seinna ári.

Auður Bergsteinsdóttir – á seinna ári.

Auðna Ágústsdóttir – á seinna ári.

Anna Stefanía Magnúsdóttir – til tveggja ára.

Fræðslu- og fundanefnd:

Ásta Kristín Siggadóttir – til tveggja ára.

Astrid Eiríksdóttir – til tveggja ára.

Sigurlaug Helga Jónsdóttir – til tveggja ára.

Auður Theodórsdóttir – á seinna ári.

Anna Jóna Kristjánsdóttir – á seinna ári.

Ritnefnd:

Álfheiður Ingimarsdóttir – til tveggja ára.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir – til tveggja ára.

Atli Freyr Hjaltason – til tveggja ára.

Ástprúður Sif Sveinsdóttir – til tveggja ára.
Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir – til tveggja ára.

Verslunarnefnd:

Ásta Sigfúsdóttir – á seinna ári.
Elízabet Katrín Mason – á seinna ári.
Auður Theodórsdóttir – á seinna ári.
Bjarni Þór Kristjánsson – til tveggja ára.
Anna Sigríður Kristjánsdóttir – til tveggja ára.

Viðburðanefnd:

Guðfinna Skúladóttir – til tveggja ára.
Álfheiður Árnadóttir – á seinna ári.
Jóhanna Freyja Björnsdóttir – á seinna ári.
Kolbrún Þorlákssdóttir – á seinna ári.

Safnanefnd:

Sigrún Sigurgestsdóttir – til tveggja ára.
Oddný Kristjánsdóttir – til tveggja ára.
Ívar Ólafsson – á seinna ári.
Hugrún Ósk Þráinsdóttir – á seinna ári.
Ásdís Sigurgestsdóttir – á seinna ári.

Uppstillingarnefnd:

Oddný Kristjánsdóttir – til tveggja ára.
Solveig Theodórsdóttir – á seinna ári.
Ívar Ólafsson – á seinna ári.

13. **Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs í senn og eins til vara til að endurskoða reikninga félagsins:** Ívar Ólafsson staðfestir skoðunarmenn reikninga.

Skoðunarmenn reikninga:

Aðalmaður: **Anna Margrét Björnsdóttir**
Aðalmaður: **Lilja Guðmundsdóttir**
Varam.: **Hólmfríður Hilmarsdóttir**
Varam.: **Solveig Theodórsdóttir**

14. **Ákvörðun um félagsgjöld næsta starfsárs, sbr. 7. Gr:** Stjórn leggur til að félagsgjald verði hækkað um 500 krónur, úr 8.000 krónum upp í 8.500 krónur. Það er samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta. Einn var á móti hækkun.
15. **Önnur mál:** Atli Freyr Hjaltason tekur til máls og flytur erindi. Heimilisiðnaðarfélag Íslands, Þjóðdansafélag Reykjavíkur, Kvæðamannafélagið Iðunn og Félag Harmonikkunnenda ræða samstarf og mögulega ferð á Nordlek 2024 í Arendal í Noregi.
16. **Umræða fór fram um erindi Atla Freys.** Fundargestum líst vel á aukið samstarf við félögin.

Fleiri mál ekki rædd.

17. **Fundarstjóri slítur fundi 21:08.**